

Fundur í skólaráði Glerárskóla 4. apríl 2016.

Mættir: : Eyrún skólastjóri, Tómas Lárus og Fríða kennarar, Lára fyrir hönd annarra starfsmanna, Freydis Dana og Sunneva fyrir hönd foreldra og Heiðbjört 10. bekk fyrir hönd nemenda.

Elín deildarstjóri skráði fundargerð.

1. Árshátíð (uppgjör)

Árshátíð skólans gekk vel. Árshátíð skólans á sér langa sögu og dæmi er um fólk sem hefur komið á tugi árshátíða skólans. Þetta form á árshátíðinni virkar vel og er skólanum til sóma. Í ár var útlit Glerárskóla á sama tíma en það var flókið í framkvæmd að bæta því á þessa daga svo stefnan er að hafa útlit á öðrum tíma framvegis, eða í kring um árshátíðardagana. Samdóma álit fundarmanna að árshátíðin hafi verið góð og í tengslum við hana fari fram mikilvægur lærdómur fyrir utan skemmtilegheitin.

2. Vorhátíð Glerárskóla og foreldrafélags skólans

Ákveðið hefur verið að halda vorhátíð skólans og foreldrafélagsins föstudaginn 20. maí n.k. frá kl. 11:00 – 13:00. Hugmyndin kemur frá foreldrafélaginu og fellur vel að skóalskipulaginu. Kennarar hafa verið að safna gripum frá nemendum með sýningu í huga en nánara skipulag verður gert á næstunni af foreldrafélaginu.

3. Umhverfi skólans – hverju þarf að huga að

Hverfisnefndin aðstoðaði með ýmislegt í fyrra. Silla sagði ekki vera komna niðurstöðu um það í hverfisnefndinni hvort framhald verði á. Illa fór fyrir kofanum sem byggður var í fyrra svo gott væri að fá efni í annars konar kofa. Gott væri að fá bekk til að vinna við hjá grillinu við Árholt. Einnig er ýmislegt sem þarf að laga og að planta fleiri trjám. Grenndarkennslunefndin er að skoða skýli til að koma fyrir í Kvenfélagsgarðinum. Bærinn mun taka allar apsirnar af bílastæðinu þar sem þær eru farnar að skemma malbikið og þær skemma lakk á bílum.

4. Tæknimál

Fjármagn hefur verið sett í tölvumál fyrir nemendur. Þetta hefur verið rætt í skólanum og flestir eru á því að halda áfram með tölvuverin en mikilvægt að uppfæra þau þannig að þau séu góð. Einnig finnst fólki mikilvægt að fjölga spjaldtövlum. Þær sem keyptar voru fyrir þremur árum eru farnar að gefa sig. Eyrún gerir ráð fyrir að fá aðstoð sérfræðinga við að finna út hvað hentar best að gera.

5. Skólaárið 2016 – 2017

Áætlaður er niðurskurður hjá Akureyrarbæ sem mun að einhverju leyti koma niður á skólum bæjarins.

Í öllum spám var gert ráð fyrir nálægt 50 nemendum í 1. bekk í Glerárskóla en eingöngu 29 börn eru að skila sér inn í skólann til okkar. Skóladeild hefur verið beðin um að leita svara frá foreldrum um hvers vegna aðrir skólar eru valdir fyrir börn sem búa í hverfinu. Þessi niðurstaða hefur áhrif á tímaúthlutun skólans sem hefur áhrif á stöður í skólanum

6. Önnur mál

A. Framkvæmdir á húsnæði í sumar.

Farinn er listi frá skólanum um það sem nauðsynlegt er að laga. Ekki verður hægt að sinna öllum þeim atriðum sem þar eru nefnd. Skipt verður um flísar á milligangi og loft þar lagað.

B. Fjölmíðlar í Glerárskóla.

Nokkuð hefur verið um fréttir í fjölmíðlum um Glerárskóla má þar nefna umfjöllun um matarsóun, viðhorf nemenda til stríðsumfjöllunar í fjölmíðlum og Grímseyinga í skólanum.

C. Eineltisáætlun skólans

Niðurstöður í Skólapúlsi benda til ánægju er með eineltisáætlun skólans. Skólinn kemur vel út í könnunum og nemendum líður vel í Glerárskóla.

Fleira ekki fært til bókunar

Elín E. Magnúsdóttir